



22. janúar 2021

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um mál nr. S-7/2021 í samráðsgátt stjórnvalda

*Frumvarp til laga um breytingar á stjórnsýslulögum, nr. 37/1993
(starfshættir kærustjórnvalda)*

Eins og kom fram í umögn Hagsmunasamtök heimilanna um áform um frumvarp þetta eru samtökin fylgjandi þeim áformum. Sú útfærsla sem hér er til umsagnar í formi frumvarps virðist vera í góðu samræmi við þau áform og samtökin styðja því málið.

Þar að auki vilja samtökin koma þeirri ábendingu á framfæri að tekið verði til skoðunar að greiða fyrir aðkomu samtaka sem beita sér fyrir vernd tiltekinnna réttinda, svo á sem sviði neytendaverndar, að úrlausnum þeirra eftirlits- og kærustjórnvalda sem mál þetta tengist.

Sem dæmi hefur áfrýjunarnefnd neytendamála ítrekað vísað frá málum sem byggjast á kvörtunum slíkra samtaka, með þeim rökum að þau eigi ekki lögvarða hagsmuni af úrlausn slíks máls og geti því ekki talist "aðilar máls" í þröngum einkaréttarlegum skilningi. Það mætti lagfæra í þessu tilviki með einfaldri lagabreytingu sem gæti til dæmis verið á eftirfarandi hátt.

Við 2. gr. laga um Neytendastofu, nr. 62/2005 bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Neytendastofu er heimilt að taka til meðferðar kvartanir frá neytendum og samtökum sem gæta heildarhagsmuna neytenda yfir brotum á lögum á málefnasviði Neytendastofu.

- 0 -

Virðingarfyllt,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is